

86

23. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 8. sept. 1931, um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir „til septemberloka 1936“ í 2. gr. komi: til septemberloka 1941.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

87

23. júní

L Ö G

um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. Innborganir:		Áætlun	Fjárveiting
		kr.	kr.
1. Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	9 080 000.00	11 843 947.41
2. — — 3. — A. —	1 308 735.00	1 848 887 10
3. — — 3. — B. —	20 100.00	19 378.34
4. — — 4. — —	522 625.00	542 406.90
5. — — 5. — —	60 000.00	57 018.62
6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	567 803.00	3 964 208.12
7. Greiðslujöfnuður	477 486.10	883 834.56
Samtals		12 036 749.10	19 159 681.05